



2013

Þjóðarspegilinn

Heimsmynd fréttar sjónvarps:

Samanburður á erlendum fréttum Ríkisútvarps - Sjónvarps og Stöðvar 2

Ragnar Karlsson
Valgerður A. Jóhannsdóttir
Þorbjörn Broddason

Félags- og mannvísindadeild

Ritstjórar:
Helga Ólafs
Thamar Melanie Heijstra

Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2013
Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978 9935 424 17 4



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Heimsmynd fréttar sjónvarps:

Samanburður á erlendum fréttum Ríkisútvarpsins – Sjónvarps og Stöðvar 2


Ragnar Karlsson
Valgerður A. Jóhannsdóttir
Þorbjörn Broddason

Flest fáum við fréttir af því sem er að gerast í kringum okkur úr fjölmiðlum. Það á enn við þrátt fyrir alla þá ofgnótt upplýsinga sem flæða um Netið og fólk deilir á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á þá mynd sem við höfum af veröldinni og skilning okkar á „atburðum“ sem við höfum litla eða enga persónulega reynslu af. Það á ekki síst við atburði í fjarlægum löndum. En hvernig er sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af veröldinni og hvað ræður því hvað ratar í fréttir og hvað ekki?

Í þessari grein er gerð grein fyrir niðurstöðum meginlegrar innihaldsgreiningar á erlendum fréttum íslensku sjónvarpsstöðvanna, Ríkisútvarpsins - Sjónvarps (hér eftir Sjónvarpið) og Stöðvar 2 á fimm vikna tímabili á árunum 2011-2013 með hliðsjón af umfjöllunarefni og landfræðilegum uppruna. Reifaðar eru kenningar og rannsóknir á fréttamati/fréttavali og niðurstöður okkar ræddar í ljósi ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið á uppruna erlendra fréttar sjónvarpsstöðva í öðrum löndum. Að lokum er sjónum beint að þýðingu og framtíð erlendra fréttar á tímum hnattvæðingar og fjölbreyttari miðlunarleiða en um leið síharðnandi samkeppnisumhverfis fjölmiðla.

„Veruleiki“ fréttanna

Það er löngu kunn vitneskja að fréttir í hvaða fjölmiðlum sem þær annars birtast eru ákveðin útlekking á „veruleikanum“ (Luhmann, 2000). Matreiðsla fjölmiðla á þeim veruleika sem þeir bera daglega á borð fyrir okkur verður til fyrir flókið samspil margvíslegra ytri og innri þátta og lýtur að nokkru eigin lögmálum (sbr., t.d. Allan, 2004; Allern, 2002; Bourdieu, 1998; Gans, 1980, 2003; Golding og Elliott, 1979; Hall, 1973; Hartley, 1982; Herman og Chomsky, 1988; Mathiesen, 2006; McNair, 1998; McQuail, 1992; Schlesinger, 1987; Tuchman, 1980). Samspil ytri og innri þátta sem hafa áhrif á starfsemi og frammistöðu fjölmiðla má draga upp eins og sýnt er á mynd 1.



Mynd 1. Samspil ytri og innri áhrifaþátta á starfsemi og frammistöðu fjölmiðla (McQuail, 2010, bls. 281)

Fréttir bíða þess ekki alskapaðar að verða sagðar heldur eru þær afurð verkaskiptingar og samspils fjölmargra áhrifaþátta utan og innan fjölmiðlanna sjálfra. Sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af veruleikanum er félagslega skilyrt á sama hátt og aðrar hugmyndir okkar um samfélagið eru félagslega mótaðar (Berger og Luckmann, 1971).

Dægurmiðlar, en til þeirra teljast dagblöð, útvarp, sjónvarp og (sumir) vefmiðlar, byggja tilverurétt sinn umfram allt á því að þeir flytji ferskar fréttir af atburðum og málefnum líðandi stundar. Á innlendum vettvangi hafa fréttamiðlarnir nokkurt svigrúm, sem helgast af því að hver fjölmiðill styðst við sínar hefðir auk þess sem hver einstakur blaða- og fréttamaður býr yfir sérþekkingu af einu eða öðru tagi (sjá t.d. McQuail, 2013). Flestir blaða- og fréttamenn eru heillaðir af tilhugsuninni um að vera einir um mikilvæga frétt og geta birt hana fyrstir. Að þessu sögðu er þó vert að hafa í huga að daglegt líf á fjölmiðli snýst í miklum mæli um að segja frá sömu viðburðum og keppinautarnir einfaldlega vegna þess að allir komast á snodir um þá jafnsnemma (Bourdieu, 1998; Gans, 2003). Loks er ekki fyrir það að synja að eignarhald á fjölmiðli og hagsmunatengsl geti sett svip á fréttaval og fréttáurvinnslu. Um það eru ótal dæmi úr fjölmiðlasögunni (Curran og Seaton, 2009; Herman og Chomsky, 1988).

Fréttaflutningur af erlendum vettvangi lýtur í meginatriðum sömu lögmálum og innlend fréttamennska en þó er sá munur á að flestir fréttamiðlar – jafnvel sumir hinna allra stærstu – eru háðir alþjóðlegum fréttastofum. Þar af leiðandi er svigrúm til sjálfstæðrar erlendar fréttáöflunar miklum mun þrengra en gagnvart innlendum viðburðum.

Fréttamat og fréttaval


Þegar fréttamenn eru inntir eftir hvað ráði fréttamati og fréttavali þeirra verður stundum fát um svör – kannski eðlilega – nema helst í formi almennra yfirlýsinga um að þeir segi fréttir sem almenningi komi við og almenningur vilji sjá og heyra. Hvernig fréttavalið fer fram, á hvaða forsendum, hvaða viðmið og mælikvarðar liggja til grundvallar fyrir því frá hvaða atburðum eða málefnum er sagt er öllu óljósara, nema með almennum tilvísunum í fréttagildi (*news value*) og um hlutlægni (*objectivity*). Blaða- og fréttamenn tala gjarnan um „fréttir“ eins og þær velji sig sjálfar (Hall, 1973).

Fréttafólk gerir sér ekki endilega grein fyrir hvaða atriði það eru sem ráða því hvað ratar í fréttirnar þótt það viti af fenginni reynslu hvað kallast frétt og hvað ekki, góð frétt eða vond frétt. Til þess að hlutirnir geti gengið sinn vanagang á fréttastofum er þessi vitneskja meira og minna inngreypt og ómeðvituð í huga fréttamannsins í hans

daglega amstri. Þetta hefur verið nefnt „helgisiðavæðing“ (*strategic ritual*) fréttamenskunnar (Tuchman, 1972).

Rannsóknir benda eindregið til þess að fréttaval fjölmiðla ráðist ekki hvað síst af hagnýtissjónarmiðum (*occupational pragmatism*) og af hentugleika (*suitability*). Fréttamiðlar eru stöðugt í keppni við tímann við að „ná fréttum í hús“ áður en lokahönd er lögð á blað fyrir útgáfu eða fréttatíminn fer í loftið. Segja má að tíminn sé eins og Demoklesarsverð sem hangi stöðugt yfir höfðum fréttamanna. Jafnframt eiga fjölmiðlar í harðvítugri samkeppni sín á milli um athygli notenda og tekjur og um það hver fyrstur segir fréttirnar. Sökum slíkra hagnýtisástæðna rata fremur í fréttir frásagnir af viðburðum og málefnum sem verður auðveldlega aflað, án mikils tilkostnaðar og sem auðvelt er að koma í skiljanlegt form, heldur en frásagnir af atburðum og málefnum sem erfiðara og kostnaðarsamara er að koma höndum yfir og varpa skýru ljósi á. Val heimilda og heimildamanna ræðst oft af sömu ástæðum. Heimildir sem eru nærhendis og auðvelt er að ná í þegar til þarf að taka og eru að „góðu kunnar“ (s.s. eins og stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki) eru því gjarnan í meiri hávegum hafðar á meðal fréttastofa en þær heimildir sem erfiðara er að ná í og henda reiður á (Golding og Elliott, 1979; Gans, 1980, 2003; Schlesinger, 1987). Af þessu má ráða að fréttamat fjölmiðla og fréttagildi ræðst mikið til af hentugleika. Þetta á ekki hvað síst við um sjónvarpsfréttir en þar hefur tiltækt og hentugt myndefni oft á tíðum mikil áhrif á það hvort tiltekinn viðburður ratar í fréttatímann eða alls ekki (Gans, 1980; Schlesinger, 1987).

Sú mynd sem fjölmiðlarnir draga upp fyrir okkur af veruleikanum er valkvæm. Aðeins lítið brot af öllum þeim upplýsingum sem blaða- og fréttamenn hafa pata af á degi hverjum birtist að lokum sem fréttir. Áður en viðburður ratar í fréttirnar hefur átt sér stað margvísleg grisjun og upplýsingar um hann farið í gegnum hendur margra hliðvarða (*gatekeepers*), frá heimildarmanni, til þess sem skrifar eða segir fréttina og þess sem á lokaorðið um það hvort frétt skuli birt. Þetta er ekki hvað síst ljóst í erlendum fréttum. Sökum mikils tilkostnaðar samfara fréttaoöflun af fjarlægum og ókunnum slóðum verða fjölmiðlar að reiða sig á efni frá alþjóðlegum fréttaveitum sem afla fréttanna, af sömu hagkvæmnisástæðum og nefndar voru hér að ofan, að mestu frá stjórnvöldum og öðrum lögmætum aðilum í stjórnkerfi. Þennan „tröppugang“ upplýsingaflæðisins má sýna á einfaldaðan hátt eins og gert er í mynd 2.



Mynd 2. „Tröppugangur“ upplýsingaflæðisins (Hafez, 2007, bls. 37)

Fréttirnar sem fjölmiðlarnir bera á borð fyrir okkur eru því aðeins valin og tiltekin mynd af umheiminum í stað þess þær endurspegli hann.

Erlendar fréttir í íslensku sjónvarpi

Um rannsóknina

Í rannsókninni sem hér er greint frá voru erlendar fréttir í aðalfréttatímum Sjónvarpsins kl. 19 og Stöðvar 2 kl. 18:30 greindar fyrstu vikuna í febrúar og nóvember

2011 og 2012, og fyrstu vikuna í febrúar 2013.¹ Fréttir af Íslendingum í útlöndum eða af erlendum stofnunum (t.d. Evrópusambandinu) þar sem aðaláherslan var á tengsl eða hagsmunum Íslands voru flokkaðar með innlendum fréttum. Við greininguna var notast við gagnabanka Fjölmíðlavaktarinnar yfir fréttir.² Vegna takmarkana sem eru á upplýsingunum sem þar eru skráðar var aðeins unnt að greina inngang hvernar fréttar en ekki meginmál eða myndefni. Skráður var fjöldi erlendra fréttu og lengd, hvar í fréttatímanum þær lentu, umfjöllunarefni og hvaða lönd/svæði komu við sögu. Rannsóknarspurningarnar sem settar voru fram voru eftirfarandi:

Hvert er hlutfall erlendra fréttu hjá íslensku sjónvarpsstöðvunum?

Er munur á stöðvunum hvað varðar fjölda fréttu, lengd, staðsetningu eða umfjöllunarefni?

Um hvað fjalla erlendar fréttir og hvaða lönd/svæði koma við sögu?

Hvað ræður því hvaða erlendir viðburðir rata í fréttir?

Hlutur erlendra fréttu í sjónvarpi

Fréttatímarnir á athugunartímabilinu voru 70, eða 35 á hvorri stöð. Alls voru fluttar 832 fréttir á þessum fimm vikum sem athuginin tók til, eða að jafnaði tæplega 12 fréttir í hverjum fréttatíma (sjá töflu 1). Að jafnaði voru sagðar 13,6 fréttir í fréttatímum Sjónvarpsins, en rúmlega níu fréttir í kvöldfréttum Stöðvar 2. Þessi munur ræðst af því að kvöldfréttir Sjónvarpsins eru nokkru lengri en fréttatímar Stöðvar 2. Erlendar fréttir reyndust vera 166, eða tvær af hverjum tíu fréttum stöðvanna. Að jafnaði voru fluttar 2,4 erlendar fréttir í hverjum fréttatíma. Á bak við meðaltalið leynist hins vegar gríðarlegur munur á stöðvunum tveimur, eins og lesa má úr töflunni, sem ekki verður skýrður með færri fréttum hjá Stöð 2. Langflestar erlendu fréttirnar eru í Sjónvarpinu, eða að jafnaði tæplega fjórar í hverjum fréttatíma, en aðeins 31 erlend frétt var á Stöð 2 á tímabilinu.

Tafla 1. Aðalfréttatímar Sjónvarpsins og Stöðvar 2: fjöldi og lengd innlendra og erlendra fréttu

Fjöldi	Uppruni			Hlutfallsleg skipting, %		
	Innlendar	Erlendar	Alls	Innlendar	Erlendar	Alls
Sjónvarpið	343	135	478	71,8	28,2	100,0
Stöð 2	323	31	354	91,2	8,8	100,0
Alls	666	166	832	80,0	20,0	100,0

Lengd í mín. og sek.	Meðaltal			Miðgildi		
	Innlendar	Erlendar	Alls	Innlendar	Erlendar	Alls
Sjónvarpið	1:35	1:17	1:30	1:19	1:20	1:31
Stöð 2	1:35	1:11	1:33	1:53	1:19	1:37
Alls	1:35	1:16	1:31	1:38	1:31	1:35

Skýring: Fréttir í aðalfréttatímum stöðvanna fyrstu heilu viku í febrúar 2011, 2012 og 2013 og í nóvember 2011 og 2012, frá þriðjudegi til mánudags.

¹ Þ.e. frá þriðjudegi til mánudags. Afmörkun úrtaksins réðst m.a. af því að athuginin er hluti af umfangsmeiri innihaldsgreiningu á fréttum fjölmiðla á lýðveldistímanum í þverfaglegu rannsóknarverkefni, „Íslenskt lýðræði: Vandir þess og verkefni“ undir stjórn Vilhjálmis Árnasonar, prófessors í heimsspeki (sjá Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson, 2013).

² Höfundar kunna forsvarsmönnum Fjölmíðlavaktarinnar góðar þakkir fyrir fúslega veittan aðgang að upplýsingunum.

Í kvöldfréttum Sjónvarpsins voru oftast þrjár til fimm erlendar fréttir í hverjum fréttatíma, einu sinni var aðeins ein erlend frétt og flestar voru þær sjö talsins. Í 13 af 35 fréttatímum Stöðvar 2 var engin erlend frétt, einu sinni voru þær þrjár, en annars ein eða tvær. Stöð 2 hóf aldrei fréttatíma á erlendri frétt, en erlend umfjöllun var fyrsta frétt í átta fréttatímum af 35 í Sjónvarpinu. Algengast var að erlendum fréttum væri rætt um miðbik fréttatímans. Erlendu fréttirnar voru að jafnaði heldur styttri en þær innlendu, eða 1 mínúta og 16 sekúndur, en innlendu fréttirnar voru að jafnaði rúm ein og hálf mínúta að lengd. Erlendar fréttir voru nokkru styttri á Stöð 2 en í Sjónvarpinu, eða að jafnaði 1 mínúta og 11 sekúndur á móti einni mínútu og 17 sekúndum.

Samanborðið við hlutfall erlendra fréttu í sjónvarpi víða annars staðar virðist ljóst að íslensku stöðvarnar séu eftirbátur sjónvarpsstöðva í mörgum þeim löndum sem okkur er gjarnt að bera okkur saman við. Í rannsókn Wilkes, Heimprechts og Cohens (2012) á erlendum fréttum 17 sjónvarpsstöðva í fimm heimsálfum reyndist hlutfall erlendra fréttu að jafnaði 33 af hundraði, nokkru hærra en hlutfallið hjá Sjónvarpinu. Hlutfallslega fæstar voru erlendu fréttirnar í sjónvarpi á Tævan (14%) og hlutfallslega flestar í Egyptalandi (65%).³ Af öðrum löndum má nefna að hlutfallið var 46 prósent í Þýskalandi, 21 prósent á Ítalíu og 27 prósent í Bandaríkjunum.

Í rannsókn sem gerð var í Noregi árið 2007 á erlendum fréttum Norska ríkisútvarpsins NRK og hinnar einkareknu stöðvar, TV2 (Ihlen, Allern, Thorbjørnsrud og Waldahl, 2010) reyndist hlutfall erlendra fréttu í NRK 40 af hundraði og 32 af hundraði hjá TV2. Sambærilegar niðurstöður fengust úr rannsókn Waldahl og samstarfsmanna hans á fréttum sömu stöðva (Waldahl, Andersen og Rønning, 2009). Viðlíka niðurstöður er að finna úr öðrum rannsóknum á erlendum fréttum í sjónvarpi annars staðar á Norðurlöndum. Sænsk rannsókn á fréttum sjónvarpsstöðva þar í landi á árunum 1990-2004 leiddi í ljós að hlutfallið milli erlendra fréttu og innlendra var að jafnaði 40/60 (Jönsson og Strömbäck, 2007). Jafnframt leidda sömu rannsóknir í ljós mun á frammistöðu stöðva í almannajónustu (*public service broadcasting*) og einkarekinna stöðva hvað varðar umfang erlendra fréttu. Hlutfall erlendra fréttu hjá stöðvum í almannajónustu er talsvert hærra en hjá þeim einkareknu. Ólíka áherslu sjónvarpsstöðva sem hafa almannajónustuhlutverki að gegna og einkarekinna stöðva er án efa að rekja að mestu til mismunandi skyldna og kvaða sem löggjafinn leggur á stöðvar í almannajónustu og í einkaeigu.

Rannsóknir á fréttuflutningi norrænna sjónvarpsstöðva (Hjarvard, 1995, 1999; Jönsson og Strömbäck, 2007; Waldahl, Andersen og Rønning, 2002, 2009), sem og rannsóknir annars staðar frá einnig, sýna að dregið hefur úr erlendum fréttuflutningi í sjónvarpi um langt skeið, eða allt frá endalokum kalda stríðsins í lok níunda áratugar síðustu aldar (Hafez, 2007).⁴

Taka ber fram að hér er ekki alls kostur um sambærilegar rannsóknir að ræða þar sem niðurstöður sumra áður nefndra rannsókna eru byggðar á lengd fréttu en ekki fjölda eins og í niðurstöðunum fyrir íslensku sjónvarpsstöðvarnar. Hins vegar sýna athugasemdir okkar að séu niðurstöður umreiknaðar í tíma í stað fjölda er um óverulegan mun að ræða á hlutfalli innlendra og erlendra fréttu. Óhætt er því að draga þá ályktun að erlendum fréttum sé gert talsvert lægra undir höfði hjá íslensku

³ Í sjálfu sér þarf hátt hlutfall erlendra fréttu í egyptsku sjónvarpi ekki að koma á óvart þar sem róstur og átök milli Ísraelsmanna og Palestínaraba og nágrannaþjóða hafa lengi plagað Miðausturlönd og sett kyrrflega svip sinn á daglegt líf þar um slóðir. Þar að auki geta Arabaþjóðir gert sig skiljanlegar sín á milli á sama tungumáli, enda reynist stór hluti erlendra fréttu í egyptsku sjónvarpi snúast um málefni Miðausturlanda. Næsta takmörkuð áhersla tævanskra sjónvarpsstöðva á erlendar fréttir vekur hins vegar furðu í ljósi nálægðar landsins við öflugan nágranna, hið rísandi stórveldi Kína.

⁴ Að vísu hefur fréttuflutningi af erlendum málefnum vaxið fiskur um hrygg tímabundið í tengslum við miklar alþjóðlegar viðsjár og stórhörmungar af manna- eða náttúruvöldum, s.s. eins og við innrás hinna „viljugu þjóða“ í Írak árið 2003, afleiðingar og eftirmála flóðbylgjunnar í Suðaustur-Asíu árið 2004 (sjá Hafez, 2007).

sjónvarpsstöðvunum en í sjónvarpi flestra landa sem við berum okkur að öllu jöfnu saman við.

Umfjöllunarefni fréttanna

Ekki þarf að koma neinum á óvart að fréttir af stjórnmálum og efnahagsmálum og hvers kyns átökum og hörmungum af manna- og náttúruvöldum skipi æðstan sess í erlendum fréttum fjölmiðla (Hafez, 2007). Slík er einnig reyndin hvað umfjöllunarefni erlendra fréttanna á íslensku sjónvarpstöðvunum áhrærir. Í töflu 2 er greint frá skiptingu erlendra fréttanna í sjónvarpstöðvunum tveimur, Sjónvarpinu og Stöð 2 eftir umfjöllunarefni.

Tafla 2. Erlendar fréttir í aðalfréttatímum Sjónvarpsins og Stöðvar 2 eftir umfjöllunarefni

Efni	Fjöldi	Hlutfall, %	Uppbláðið hlutfall, %
Stjórnmál, stjórnsýsla og utánríkismál	51	30,7	30,7
Efnahagsmál, viðskipti og atvinnumál	23	13,9	44,6
Náttúruhamfarir og slysfarir	22	13,3	57,8
Stríð, hernaður og hryðjuverk	16	9,6	67,5
Listir, tíska, afþreying, trúarbrögð	15	9,0	76,5
Afbrot, glæpir, dómsmál og spilling	13	7,8	84,3
Vísindi, tækni og himingeimurinn	6	3,6	88,0
Dýr og furður	6	3,6	91,6
Félags- og velferðarmál	5	3,0	94,6
Umhverfismál	1	0,6	95,2
Annað og óskilgreint	8	4,8	100,0
Alls	166	100,0	·

Skýring: Fréttir í aðalfréttatímum stöðvanna fyrstu heilu viku í febrúar 2011, 2012 og 2013 og í nóvember 2011 og 2012, frá þriðjudegi til mánudags.

Flestar fréttirnar á íslensku sjónvarpstöðvunum fjölluðu um stjórnmál eða tæpur þriðjungur. Fréttir af efnahagsmálum og af náttúruhamförum og slysum eru álíka margar eða rúm 13 prósent í hvorum efnisflokkum fyrir sig. Samanlagt fjölluðu tæplega 60 prósent fréttanna um ofantalda þrjá efnisflokkum. Hlutar fréttanna af hernaðaráttökum og hryðjuverkum eru nokkru rýrari, eða ein af hverjum tíu fréttum, eða litlu fleiri en fréttir af því sem hér er kallað menningarmál og fréttir af afbrotum. Fréttir af öðrum málaflokkum eru teljandi á fingrum sér og veur t.d. athygli að aðeins ein erlend frétt fjallaði um umhverfismál á tímabilinu! Varlega þarf að fara í draga ályktanir af ekki stærra úrtaki en hér er undir, en niðurstöðurnar eru um flest í takt við niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna sem sýna að áhersla á stjórnmál og efnahagsmál er ríkjandi (Hafez, 2007; Helland, 1995; Helland og Sand, 1999; Hjarvard, 1995, 1999; Ihlen o.fl., 2010; Jönsson og Strömbäck, 2007; Roessler, 2003; Waldahl o.fl., 2002, 2009; Wilke o.fl., 2012).

Í rannsókn Ihlen og samstarfsmanna (Ihlen o.fl., 2010) fjallaði rúmur fimmtungur erlendar umfjöllunar í norsku stöðvunum NRK og TV2 um stjórnmál og aðeins fimm af hundruði um efnahagsmál. Það er talsvert lægra hlutfall en hjá íslensku stöðvunum. Hins vegar var hlutfallslega mest fjallað um það sem norsku rannsakendurnir settu í flokkinn dramatískir/ofbeldisatburðir (*dramatic/violent events*), eða í 32 af hundruði fréttanna. Þar er ekki alls kostur um sömu flokkun að ræða og í rannsókn okkar, en það má ef til vill flokka fréttir af hernaði og af náttúruhamförum undir dramatík og ofbeldi. Samanlagt fjölluðu 23 prósent erlendu fréttanna í íslensku

stöðvunum um hernað og náttúruhamfarir. Sé afbrotafréttum bætt við nemur hlutfallið um 30 af hundruði. Ekki er merkjanlegur munur á stöðvunum tveimur, Sjónvarpinu og Stöð 2 hvað áherslu á slíka atburði varðar.

Heimsmýnd fréttanna

Sýnt hefur verið fram á í fjölda rannsókna að umfjöllun fjölmiðla um heimshluta og lönd/ríki er mjög misskipt (sjá t.d. Carlsson, 1998; Roessler, 2003, Wilke o.fl., 2012). Erlendar fréttir íslensku sjónvarpsstöðvanna eru þar engin undantekning. Fréttamat er háð ákaflega mörgum þáttum, bæði í nánasta umhverfi blaða- og fréttamanna og í menningu og þjóðfélagsaðstæðum. Eins og Gerbner og Marvani bentu á fyrir margt löngu þá getur meðferð erlendra fréttar verið enn snúnari en innlendra vegna þess að fjarlægð blaða- og fréttamannsins frá vettvangi útilokar hann frá sjálfstæðu mati á sannleiksgildi og mikilvægi fréttarinnar (Gerbner og Marvani, 1977, bls. 52). Þetta misvægi birtist einkanlega í því að þróunarlönd rata sjaldnast í fréttir nema þegar þau eru vettvangur atburða, sem ógna fjárhagslegum eða hernaðarlegum hagsmunum stórveldanna. Að þessum ástæðum frátöldum kviknar áhugi meðal þjóða sem búa í öruggri fjarlægð frá atburðunum ekki nema risavaxin áföll dýnji yfir þessi lönd (McQuail, 2010, bls. 262).

Í töflu 3 er skipting erlendra fréttar í íslensku sjónvarpi sýnd eftir landfræðilegum uppruna þeirra. Nærri helmingur allra erlendra fréttar á uppruna sinn í Vestur Evrópu þegar lagðar eru saman fréttir um Vestur Evrópulönd og stofnanir að Norðurlöndum meðtöldum.

Tafla 3. Erlendar fréttir í aðalfréttatímum Sjónvarpsins og Stöðvar 2 eftir landi/-heimshluta

Efni	Fjöldi	Hlutfall, %	Uppbláðið hlutfall, %
Vestur Evrópa (önnur en Norðurlönd)	44	26,5	26,5
Miðausturlönd*	28	16,9	43,4
Bandaríkin	27	16,3	59,6
Norðurlönd	26	15,7	75,3
Asía	13	7,8	83,1
ESB	6	3,6	86,7
Mið- og Suður-Ameríka	4	2,4	89,2
Eyjaálfa	4	2,4	91,6
Afríka sunnan Sahara	3	1,8	93,4
Norðurlandaráð	3	1,8	95,2
Austur Evrópa	5	3,0	98,2
Önnur alþjóðasamtök, fjölþjóðlegt	1	0,6	98,8
NATO	1	0,6	99,4
Annað	1	0,6	100,0
Alls	166	100,0	•

Skýring: Fréttir í aðalfréttatímum stöðvanna fyrstu heilu viku í febrúar 2011, 2012 og 2013 og í nóvember 2011 og 2012, frá þriðjudegi til mánudags.

* Arabalönd og Ísrael.

Næst fyrirferðamestar eru fréttir af löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs og af Bandaríkjunum. Fréttir frá Asíu eru þó nokkrar en þar af fjallaði helmingurinn um Kína. Fréttir frá Austur Evrópu, Mið og Suður Ameríku, Eyjaálfu og Afríku voru teljandi á fingrum annarrar handar. Í norsku sjónvarpstöðvunum voru fréttir frá Evrópu einnig um helmingur erlendra fréttanna (ath. ekki var gerður greinarmunur þar á Austur og Vestur Evrópu). Fréttir frá Asíu reyndust hlutfallslega flestar, en það var einkum rakið til þess að á rannsóknartímanum var mikil ólga í Burma (Ihlen o.fl., 2010). Fréttir frá Bandaríkjunum og Kanada voru um tíu prósent erlendu fréttanna í norsku sjónvarpsstöðvunum, talsvert lægra hlutfall en hér á landi en athygli vekur einnig að norsku stöðvarnar virðast iðnari við að flytja fréttir af norrænum grönnum sínum en íslensku sjónvarpsstöðvarnar. Hér voru rúm 17 prósent erlendra fréttanna af Norðurlöndum (og Norðurlandaráði) en í norsku stöðvunum voru þær 28 af hundraði. Í samanburðarrannsókn Wilkes og féлага (2012) reyndist Evrópa sú heimsálfa sem mest var fjallað um, eða í 40 af hundraði fréttanna, þá Bandaríkin (23%), Asía (19%), Miðausturlönd (18%), Suður Ameríka (9%) og lestina ráku Eyjaálfa og Afríka sunnan Sahara (3% hvor álfa um sig). Meginniðurstaða rannsóknarinnar var að erlendir fréttir sjónvarpsstöðva í löndunum 17 (nema Bandaríkjunum) fjölluðu mest um sína eigin álfa. Íslensku sjónvarpsstöðvar skera sig því ekki úr í þeim samanburði.

Umræða

Í fjölmörgum rannsóknum sem gerðar hafa verið á fréttum á undanförunum árum hefur verið sýnt fram á skemmtanavæðingu og tilhneigingu til „heimavæðingar“ (*domestication*) erlendra fréttanna. Samfara harðnandi samkeppni milli fjölmiðla um athygli áhorfenda og auglýsenda gætir aukinnar áherslu á skemmtun og afþreyingu í fréttum í stað þess sem máli skiptir fyrir upplýsta umræðu og ákvarðanir í lýðræðis-samfélögum (sbr. Birgir Guðmundsson, 2012; Franklin, 1997; Preston, 2009; Thussu, 2012). Fjöldi fréttanna um menningarmál, sem snúast að talsverðu leyti um stórstjórnur afþreyingariðnaðarins og fræga fólkið ekki síður en um listviðburði, og umfjöllun um dýr og furður af ýmsu tagi gætu verið vísbending um slíka þróun hér á landi. Til þess að unnt sé að slá nokkru föstu um að sú sé reyndin hér á landi þarf samanburð yfir lengri tíma. Sama má segja um hlutfall afbrotafréttanna, en niðurstöður margra erlendra rannsókna benda til aukinnar áherslu á þann málaflokk (sbr., t.d. Preston, 2009).

Eins og fram kom hér að framan voru fréttir með íslenskan vinkil flokkaðar með innlendum fréttum, þótt útlönd kæmu við sögu. Það væri hins vegar áhugavert að skoða í hve ríkum mæli íslenskir fjölmiðlar „heimavæða“ erlendar fréttir, ef svo má að orði komast, en í mörgum rannsóknum hefur verið fjallað um „heimavæðingu“ erlendra fréttanna (*domestication of foreign news*; Clausen, 2010, 2012; Roessler, 2003; Thussu, 2012). Samkvæmt Patrick Roessler birtist heimavæðing erlendra fréttanna þannig:

Atburðir í fjarlægum löndum eru tengdir heimaslóðum fjölmiðilsins með því að benda á hliðstæður við atburði í eigin landi, með því að beina athyglinni að samlöndum, sem koma við sögu, eða með því að leggja áherslu á mikilvægi atburðarins fyrir innanlandsmál.

(Roessler, 2003, bls. 7)


Þetta hefur verið kallað „Aberdeen áhrifin“ (*The Aberdeen Effect*) og er þar vísað til fréttar skosks dagblaðs um Titanic slysið árið 1912 undir fyrirsögninni „*Aberdeen man lost at sea*“ (Roessler, 2003, bls. 3). Sem dæmi um slíka „heimavæðingu“ í fréttum hér á landi má nefna frétt í DV sem greindi frá leit að ungum dönskum dreng sem hafði

stungið af og verið ákaft leitað uns hann fannst heill á húfi sólarhring síðar undir fyrirsögninni „Knapi á íslenskum hesti fann týndan dreng“ (2011).

Hnattvæðingin og fréttirnar: „Heimskt er heimalið barn“

Ísland hefur sennilega aldrei verið háðara umheiminum jafnt í efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu tilliti en einmitt nú (sjá t.d. Stefán Ólafsson og Kolbein Stefánsson, 2005). Í ljósi þessa mætti auðveldlega gera ráð fyrir að erlendar fréttir skipuðu hærri sess í íslenskum fjölmiðlum en raun ber vitni.

Fjölmiðlar hafa að öllu jöfnu ríka tilhneigingu til að segja frá viðburðum sem tengjast valdabjórðum og þjóðum sem við finnum menningarlegan skyldleika við og skipta heimalandið máli í efnahagslegu tilliti. Frásagnir frá löndum sem standa okkur fjær og þjóðum sem standa utan við valdasvið heimsstjórnmalanna ber helst ekki á góma í fréttunum nema váleg tíðindi hafi borið að höndum (Galtung og Ruge, 1965; Gerbner og Marvani, 1977; Hafez, 2007; Roessler, 2003). Í mynd 3 er gerð tilraun til að sýna ólíka „goggunarröð“ þjóða í frétt aflæðinu.



Mynd 3. „Goggunarröð“ þjóða í fréttum (Kamps, 1999, bls. 348)

Árvekni fjölmiðla við að fylgjast með viðburðum á meðal valdabjóða er mun meiri heldur en þjóða sem neðar standa í „goggunarröð“ fréttu. Fréttflutningur af valdabjórðum er að öllu jöfnu mun tíðari, fjölbreyttari og stöðugri en frá valdaminni þjóðum. Önnur lönd ber síður á góma í fréttunum nema þau tengist á einhvern hátt málefnum líðandi stundar, sem valdabjóðir hafa oftast en ekki aðkomu að. Um flest lönd er hins vegar nær aldrei fjallað nema vegna voveiflegra atburða. Að öllu jöfnu missa fjölmiðlar áhuga á þeim löndum jafn skjótt og umfjöllunin hófst í upphafi. Sjaldnast greina fjölmiðlar frá málalyktum og langtíma afleiðingum atburðanna sem sagt var frá, nema ef vera kynni að þeir tengist á einhvern hátt heimalandinu. Fjöldmörg dæmi um þetta má finna úr fréttuumfjöllun fjölmiðla, innlendra sem erlendra, svo sem eins og af jarðskjálftunum á Haíti og eftirmálum þeirra árið 2010. Árvekni íslenskra fjölmiðla reyndist þá með nokkrum ólíkindum sennilega vegna þess að íslensk rústabjörgunarsveit var fyrst alþjóðlegs björgunarliðs á staðinn og tenging við

samlanda því augljós. Af þeim stóra hópi landa sem eru meira og minna týnd og tröllum gefin í erlendum fréttum er gjarnan dregin upp mun einhæfari mynd en af þeim þjóðum sem standa okkur nær og við fáum oftast fréttir af. Vegna fjarlægðar og ókunnugleika á aðstæðum í því landi sem fjallað er um, vill oft bregða við að frásögnin sé lituð af „sjálfhverfum“ (*ego-centric*) viðhorfum (Hafez, 2007, bls. 39).

Þrátt fyrir margumtalaða hnattvæðingu og áhrif hennar, sýna rannsóknir viðsvegar frá að merkjanlega hefur dregið úr umfjöllun um erlenda viðburði og málefni í almennum fjölmiðlum (Hafez, 2007). Þverrandi áhugi á erlendum málefnum er að mati Kai Hafez ein af megin þverstæðum hnattvæðingarinnar. Á sama tíma og fjölmiðlun hefur orðið fyrir margvíslegum áhrifum af aukinni hnattvæðingu og er í síauknum mæli alþjóðleg, gætir þessa fyrst og fremst í tæknilegri, og efnahagslegri umgjörð fjölmiðlunar og boðskipta, en ekki í efnisvali og umfjöllunarefni fjölmiðla. Í stað þess að fjölmiðlar endurspegli ólíka menningu og margbreytileika er efni og umfjöllun þeirra í síauknum mæli einhæfara og staðbundnara.

Sú heimsmýnd sem fjölmiðlar færa okkur er ærið brotakennd, ef ekki beinlínis broguð. Það á jafnt við um val þeirra landa og þeirra atburða sem rata í fréttirnar. Oft er ekkert alþjóðlegt eða hnattrænt við heimsmýnd mismunandi fjölmiðlakerfa, staðhæfir Hafez, annað en að þau eru öll „þjökuð“ af sama vandamálinu:

... heimavæðingu heimsins. Efni fjölmiðla er afflutt í hvert sinn, sem frétttaflutningur af atburðum á alþjóðavettvangi endurspeglar þjóðarhagsmuni og menningarstaðalmyndir *fréttalandsins* í staðinn fyrir að lýsa veruleika landsins, sem *sagt er frá*.

(Hafez, 2007, bls. 25)

Sú heimsmýnd sem fjölmiðlarnir draga upp fyrir okkur „er í rauninni algjör andstæða fjölmenningarlegs heims“ (Hafez, 2007, bls. 39). Af þeim gögnum sem hér hafa verið lögð fram og greind má draga þá ályktun að þessi ábending Hafez eigi við að einhverju marki um frétttaflutning íslenskra sjónvarpsstöðva.

Heimildir

- Allan, S. (2004). *News culture* (2. útgáfa). Maidenhead: Open University Press.
- Allern, S. (2002). Journalistic and commercial news values: News organizations as patrons of an institution and market actors. *Nordicom Review*, 23(1-2), 137-152.
- Berger, P. og Luckmann, T. (1971). *The Social construction of reality: A Treatise in the sociology of knowledge*. Harmondsworth: Penguin.
- Birgir Guðmundsson. (2012). Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8(2), 323-342.
- Bourdieu, P. (1998) *On television and journalism*. London: Pluto Press.
- Carlsson, U. (1998). *Frågan om en ny internationell informationsordning. En studie i internationell mediepolitik*. Gautaborg: Institutionen för journalistik och masskommunikation, Göteborgs Universitet.
- Clausen L. (2010). Globalisation of News – Distribution, Production and Reception. Í Þ. Broddason, U. Kivikuru, B. Tufte, L. Weibull og H. Østbye (ritstjórar), *Norden och världen. Perspektiv från forskningen om medier och kommunikation. En bok tillägnad Ulla Carlsson – The Nordic Countries and the World. Perspectives from Research on Media and Communication. A Book for Ulla Carlsson* (bls. 335-344). Gautaborg: Göteborgs Universitet. (Göteborgs studier i journalistik och masskommunikation, 61.).
- Clausen, L. (2012). International news flow. Í S. Allan (ritstjóri), *The Routledge companion to news and journalism* (2. útgáfa, bls. 127-136). London: Routledge.

- Curran, J. og Seaton, J. (2009). *Power without responsibility: Press, broadcasting and the internet in Britain* (7. útgáfa). London: Routledge.
- Franklin, B. (1997). *Newzack and the Media*. London: Arnold.
- Gans, H. J. (1980). *Deciding what's news: A Study of CBS evening news, NBC nightly news, Newsweek and Time*. London: Constable.
- Galtung, J. og Ruge, M. H. (1965). The Structure of foreign news: The Presentation of the Congo, Cuba and Cyprus crisis in four Norwegian newspapers. *Journal of Peace Research*, 2(1), 64-90.
- Gans, H. J. (2003). *Democracy and the news*. New York: Oxford University Press.
- Gerbner, G. og Marvanyi, G. (1977). The many worlds of the world's press. *Journal of Communication*, 27(1), 52-66.
- Golding, P. og Elliott, P. (1979). *Making the news*. London: Longman.
- Hafez, K. (2007). *The Myth of media globalization*. Cambridge: Polity Press.
- Hall, S. (1973). The Determination of news photographs. Í S. Cohen og J. Young (ritstjórar), *The Manufacture of news: Deviance, social problems and the mass media* (bls. 226-243). London: Constable.
- Hartley, J. (1982). *Understanding news*. London: Routledge.
- Helland, K. (1995). *Public service and commercial news*. Bergen: University of Bergen, Department of Media Studies.
- Helland, K. og Sand, G. (1998). *Bak tv-nyhetene. Produksjon og presentasjon i NRK og TV2*. Bergen: Fagbokforlaget.
- Herman, E. og Chomsky, N. (1988). *Manufacturing consent: The Political economy of the mass media*. New York: Pantheon Books.
- Hjarvard, S. (1995). *Internationale tv-nyheder*. Kaupmannahöfn: Akademisk Forlag.
- Hjarvard, S. (1999). *Tv-nyheder i konkurrence*. Fredriksberg C.: Samfundslitteratur.
- Ihlen, Ø., Allern, S., Thorbjørnsrud, K. og Waldahl, R. (2010). The World on television: Market-driven, public service news. *Nordicom Review*, 31(2), 31-45.
- Jönsson, A. M. og Strömbäck, J. (2007). *TV-journalistik i konkurensens tid. Nyhets- och samhällsprogram i svenske TV 1990-2004*. Stokkhólm: Ekerlids förlag.
- Kamps, K. (1999). *Politik in Fernsehnachrichten. Struktur und Präsentation internationaler Ereignisse – ein Vergleich*. Baden Baden: Nomos.
- Knapi á íslenskum hesti fann týndan dreng (2011, 28. mars). dv.is. Sótt af <http://www.dv.is/frettir/2011/3/28/knapi-islenskum-hesti-fann-tyndan-dreng/>
- Luhmann, N. (2000). *The Reality of the mass media*. Cambridge: Polity Press.
- Mathiesen, T. (2006). *Makt og medier. En innføring i mediesosiologi* (2. útgáfa). Osló: Pax Forlag.
- McNair, B. (1998). *The Sociology of journalism*. London: Arnold.
- McQuail, D. (1992). *Media performance: Mass communication and the public interest*. London: Sage.
- McQuail, D. (2010). *McQuail's mass communication theory* (6. útgáfa). London: Sage.
- McQuail, D. (2013). *Journalism and society*. London: Sage.
- Preston, P. (2009). *Making the news: Journalism and news cultures in Europe*. London: Routledge.
- Roessler, P. (2003). Pictures of our world. Paper presented at the International Communication Association Annual Meeting, San Diego, 2003. Sótt af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=4&sid=d1561479-e94c-4524-8db5-9257db7730a1%40sessionmgr198&hid=122&bddata=jn-NpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=ufh&AN=16028653>
- Schlesinger, P. (1987). *Putting 'reality' together: BBC news* (2. útgáfa). London: Methuen.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag. Ísland í breyttu þjóðfélagsumbverfi, 1*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Thussu, D. K. (2012). Television news in the era of global infotainment. Í S. Allan (ritstjóri), *The Routledge companion to news and journalism* (2. útgáfa, bls. 362-373). London: Routledge.

- Tuchman, G. (1972). Objectivity as strategic ritual: An Examination of Newsmen's notions of objectivity. *The American Journal of Sociology*, 77(4), 660-679.
- Tuchman, G. (1980). *Making news: A Study in the construction of reality*. New York: Free Press.
- Waldahl, R., Andersen, M. B. og Rønning, H. (2002). *Nyheter først og fremst: Norske tv-nyheter: Myter og realiteter*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Waldahl, R., Andersen, M. B. og Rønning, H. (2009). *TV-nyhetenes verden*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Wilke, J., Heimprecht, C. og Cohen, A. (2012). The geography of foreign news on television: A comparative study of 17 countries. *The International Communication Gazette*, 74(4), 301-322.
- Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson. (2013, mars). *Fjölmiðlarnir og lýðræðið*. Erindi flutt á Hugvísindapingi, Háskóla Íslands, Reykjavík.